

# Þjóðvegir og búfé




Lokaskýrsla Vegasvæðanefndar  
1998 – 2001

Janúar 2001

LAN I  
2001

Janúar 2001

Lokaskýrsla Vegasvæðanefndar  
1998 – 2001



Þjóðvegir  
og  
búfé

## Efnisyfirlit

I.	Inngangur.....	bls.	4
II.	Áhersluatriði úr áfangaskýrslu nefndarinnar 1999.....	bls.	7
	Umferðaróhöpp.....	bls.	7
	Girðingar.....	bls.	7
III.	Tillögur nefndarinnar og greinargerðir.....	bls.	9
	Helstu atriði einstaka tillagna.		
	1. Úttekt á veggirðingum.....	bls.	9
	2. Uppsetning og viðhald veggirðinga.....	bls.	9
	3. Fjárveitingar.....	bls.	10
	4. Skipting kostnaðar vegna friðunar landssvæða.....	bls.	10
	5. Samþykktir sveitarfélaga um búfjárhald.....	bls.	11
	6. Lausagöngubann stórgripa og sauðfjár.....	bls.	11
	7. Eftirlit með búfé á vegsvæðum.....	bls.	11
	8. Ítrekuð brot á reglum um lausagöngu.....	bls.	12
	9. Ný umferðarmerki.....	bls.	12
	10. Kynningarstarf tryggingafélaganna.....	bls.	12
	11. Fræðsluefni um búfé á vegsvæðum.....	bls.	12
	12. Notkun rykbindiefna.....	bls.	13
	13. Kynningarstarf meðal bænda.....	bls.	13
	14. Kaup á ábyrgðartryggingum.....	bls.	14
	15. Bann við rekstri búfjár í dimmviðri.....	bls.	14
	16. Vegrásir og undirgöng.....	bls.	15
IV.	Sérálit.....	bls.	16
	Sérálit Runólfs Ólafssonar.....	bls.	16
	Sérálit Stefáns Erlendssonar.....	bls.	17
V.	Fylgiskjöl.....	bls.	18
	1. Bréf til landbúnaðarráðherra.....	bls.	18
	2. Bréf til vegamálastjóra.....	bls.	19
	3. Bréf frá vegamálastjóra.....	bls.	20
	4. Fundur með ráðherrum.....	bls.	21
	5. Lög um breytingu á vegalögum.....	bls.	25
	6. Nýtt umferðarmerki.....	bls.	26
	7. Vinnuhópur um girðingar.....	bls.	27
	8. Upplýsingar um árekstra á búfé.....	bls.	28
	9. Vegakort.....	bls.	42
	10. Sumarumferð (kort).....	bls.	43
	11. Erindi frá Bændasamtökum Íslands.....	bls.	44

## I. Inngangur.

Hinn 6. júlí 1998 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að fjalla um leiðir til að halda búfé frá helstu þjóðvegum landsins. Ákvörðun um skipun nefndarinnar var tekin í framhaldi af umræðu í þjóðfélaginu um umferðaróhöpp og lausagöngu búfjár, svo og vegna fyrirhugaðrar heildarendurskoðunar á lögum nr. 46/1991 um búfjárhald.

Hlutverk þessarar nefndar sem fékk vinnuheitið "Vegsvæðanefnd" var að skilgreina helstu áhættusvæði og gera tillögur um úrbætur. Fyrir tveimur árum skilaði nefndin bréfi til ráðherra, ásamt áfangaskýrslu með 16 tillögum um úrbætur og hafa nokkrar af þeim komið til framkvæmda. (Fskj. 1)

Aðaltillögur nefndarinnar fengu hins vegar ekki það brautargengi sem nefndin vonaðist til og óskaði eftir. Gengu þær út á að Vegagerðin, ásamt sveitarfélögunum, gerðu úttekt á því hvar lausaganga búfjár væri mest, á hvaða vegum og vegaköflum slys vegna ákeyrslna á búfé væru tíðust og hvar alvarlegustu slysin ættu sér stað. Þá óskaði nefndin eftir því að metin yrði þörf og ástand þeirra veggirðinga sem gagnert er ætlað að halda búfé frá vegsvæðum fjölförnustu þjóðvega og þeirra vega, þar sem slysatíðni er mest. Lagði nefndin til að þetta verk myndi lúta forystu Vegagerðarinnar og að því myndi ljúka fyrir 1. júlí 1999.

Í október sl. leitaði nefndin eftir upplýsingum frá vegamálastjóra um stöðu þessara mála (Fskj. 2) þar sem ætlun nefndarinnar væri að skila endanlega af sér. Svar vegamálastjóra barst nefndinni í nóvember. (Fskj. 3)

Í áfangaskýrslunni frá janúar 1999 segir:

*"Skal þá liggja fyrir álit ofangreindra á því hvar nauðsynlegt er að grípa til aðgerða til að halda búfé frá vegsvæðum. Skulu þessir aðilar meta hvaða aðgerðir eru árangursríkastar og hagkvæmastar í þessu augnamiði með áherslu á eftirfarandi atriði: a) uppsetningu nýrra girðinga meðfram vegum í þeim tilgangi að halda búfé frá vegsvæðum, b) endurnýjun girðinga, sem ekki hefur verið haldið við með fullnægjandi hætti, í þeim tilgangi að þær verði vörsluhæfar, c) gerð lokaðra hólfa með girðingum og samhliða bann við lausagöngu búfjár á ákveðnum svæðum í nágrenni þjóðvega."*

*"Ennfremur er lagt til að metinn verði áætlaður kostnaður við aðgerðir skv. framansögðu og gerð áætlun um framkvæmdir. Stefnt skal að því að ljúka framkvæmdum innan þriggja ára með sérstökum fjárveitingum frá Alþingi. Áhersla skal lögð á að ljúka framkvæmdum á þeim svæðum þar sem slysatíðni er mest."*

Að fengnum ofangreindum grundvallarupplýsingum var ætlun nefndarinnar að móta frekari tillögur sínar og lá nefndarstarfið því niðri meðan beðið var eftir þeim.

Í áfangaskýrslunni segir ennfremur: *"Í samráði við ráðherra skilar nefndin áfangaskýrslu en ekki endanlegri niðurstöðu. Hún leggur til að unnið verði eftir tillögum hennar næstu mánuðina og þegar reynsla verður komin á framkvæmd þeirra muni nefndin hefja starf að nýju, meta árangur tillagnanna og skila endanlegu nefndaráliti."*

Þann 1. nóvember 1999 var að frumkvæði nefndarinnar haldinn sameiginlegur fundur með dómsmálaráðherra, landbúnaðarráðherra og samgönguráðherra þar sem áfangaskýrslan var kynnt. Lögð var sérstök áhersla á að ofangreindar tillögur næðu fram að ganga enda væru þær forsenda frekari tillögugerðar af hálfu nefndarinnar. (Fskj. 4)

Í árslok 1999 lagði samgönguráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, sem m.a. tók til veggirðinga og var það samþykkt. Lagabreytingin breytir stöðu veggirðinganna og hlutverki Vegagerðarinnar. (Fskj. 5) Í lögnum er kveðið á um að Vegagerðin geti að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag ákveðið að annast og kosta viðhald girðinga með einstökum vegaköflum á þjóðvegum þar sem umferð er 300 bílar á dag eða meira að meðaltali yfir sumarmánuðina, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafra bönnuð. Þessar breytingar miða í þá átt sem nefndin hafði lagt til en enn vantar á að kveðið sé skýrt á um skyldur Vegagerðarinnar gagnvart veggirðingunum.

Þá má víða sjá stefnubreytingu í þessum málum hvað varðar uppsetningu veggirðinga og umferðarmerkja. Settar hafa verið upp veggirðingar, sem beinlínis er ætlað að varna búfé aðgangi að vegsvæðum og einnig hafa verið tekin í notkun ný umferðarmerki sem gefa til kynna að hætta geti stafað af búfé við veginn. Eru þessar aðgerðir í samræmi við tillögur nefndarinnar frá 1999 og ástæða til að þakka þær. (Fskj. 6)

Í nefndinni áttu sæti Níels Árni Lund, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Ólafur R. Dýrmondsson, landnýtingarráðunautur, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Félagi Íslenskra bifreiðaeigenda, Stefán Eiríksson, deildarstjóri, tilnefndur af dómsmálaráðuneytinu, Stefán Erlendsson, lögfræðingur, tilnefndur af samgönguráðuneytinu og Valgarður Hilmarsson, oddviti, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ritari nefndarinnar var Sigríður Norðmann, lögfræðingur í landbúnaðarráðuneytinu. Á árinu 2000 hefur Sandra Baldvinsdóttir, lögfræðingur, setið fundi nefnarinnar í stað Stefáns Eiríkssonar.

Nefndin ítrekar það sem fram kom í áfangaskýrslu hennar að hún vildi skila *raunhæfum tillögum til úrbóta á þeim vandamálum sem stafa af lausagöngu búfjár á vegsvæðum.*

*Nefndin var sammála um að allsherjarbann við lausagöngu væri óraunhæft og slík tillaga myndi einungis drepa málinu enn einu sinni á dreif. Var nefndin einnig sammála um að árangursríkasta leiðin væri að girða af fjölförnustu og hættulegustu vegi með veggirðingum, þ.e. með girðingum sem beinlínis er ætlað það markmið að koma í veg fyrir að búfé eigi aðgang að þeim. Sömmuleiðis var nefndinni ljóst að hvorki verður hægt, né heldur æskilegt að girða alla vegi landsins.*

Því verður að ákveða **hvaða vegi eigi að friða** með girðingum og **hver eigi að annast og kosta uppsetningu og viðhald** þeirra? Einnig þarf að ákvarða **hver eigi að sjá um og kosta eftirlit** og handsömun búfjár á vegsvæðum og **hvaða ráðstafana á að grípa til** þar sem ekki er unnt að girða?

Auk ofangreinds ræddi nefndin ýmis önnur atriði sem stuðla að því að draga úr umferðarslysum af völdum búfjár og setur fram tillögur þar að lútandi.


Nefndin telur að hún komist ekki að frekari niðurstöðum en hún lagði fram fyrir tveimur árum. Enn skortir á að unnið hafi verið úr upplýsingum um hvaða vegir eru hættulegastir, hvert er ástand veggirðinga og stefna hefur ekki verið mótuð um það hvort og þá hvaða vegi skuli girða. Nefndin hefur hins vegar verið upplýst um að hafin er vinna við stefnumótun hjá Vegagerðinni þar sem tekin verður afstaða til þess við hvaða vegi nýjar girðingar verði reistar og hvernig forgangsörðun verði háttáð. Stefnt er að því að fyrstu tillögur liggi fyrir í lok janúar og endanlegar tillögur eigi síðar en um miðjan apríl n.k. (Fskj. 7) Nefndin fagnar þessu skrefi og bindur vonir við að stefnumótun verði fylgt eftir með markvissum aðgerðum.


Enn er ágreiningur innan nefndarinnar um skiptingu viðhaldskostnaðar girðinga sbr. sérálit fulltrúa samgönguráðuneytisins. Ennfremur hefur minnihluti nefndarinnar, fulltrúi Félags Íslenskra bifreiðaeigenda og samgönguráðuneytisins, lagt fram tillögu um bann við lausagöngu stórgripa á landinu öllu og er ágreiningur um það atriði í nefndinni.

Nefndin telur afar óheppilegt að mjög víða eru eyður í annars samfelldum girðingum meðfram vegum sem skapar sérstaka hættu þegar búfé kemst inn á vegsvæði. Girðingar hafa mjög víða verið reistar eftir því sem hver landeigandi hefur þurft vegna túna sinna eða annars aðhalds, án tillits til þess að friða viðkomandi veg. Í 56. gr. vegalaga nr. 45/1994 er kveðið á um bann við lausagöngu búfjár á vegsvæði þar sem girðing liggur beggja vegna vegarins en annars staðar er hún heimil nema sveitarstjórn banni lausagöngu. Réttarstaðan breytist hvað eftir annað, án nokkurrar viðvörunar fyrir ökumenn og búfjäreigendur og er það óviðunandi. Núverandi ástandi verður að breyta og er nefndin sammála um það. Hvetur nefndin til þess að Vegagerðin sem veghaldari, sveitarfélög sem bannað geta lausagöngu búfjár, sem og eigendur búfjár taki höndum saman og grípi til raunhæfra aðgerða til að halda búfé frá vegsvæðum og auka með því öryggi á vegunum.

Nefndin telur þetta óvissuástand með öllu óþolandi fyrir vegfarendur, búfjäreigendur og eigendur veganna. Meðan ekki verður litið raunsæjum augum á málið telur nefndin engra breytinga að vænta.

Reykjavík í janúar 2001.


  
Niels Árni Lund

  
Ólafur R. Dýrmondsson

  
Runólfur Ólafsson

  
Sandra Baldvinsdóttir

  
Stefán Erlendsson

  
Valgarður Hilmarsson

## II. Áhersluatriði úr áfangaskýrslu nefndarinnar

### Umferðaróhöpp.

Lausaganga búfjár á vegum er víðtækt vandamál hér á landi sem haft hefur í för með sér slys og slyshættu og ógnað öryggi vegfarenda. Aukin umferð, þ.á m. umferð ferðamanna og aukinn umferðarhraði, samfara betri vegum knýr á um að gripið verði til markvissra aðgerða til lausnar vandans.

Flest þessara umferðaróhappa verða við árekstra ökutækja og sauðfjár. Hrossum landsmanna hefur hins vegar fjölgað mikið á síðustu árum og hefur það leitt til aukinnar slysatíðni en staðfestar skýrslur sýna að alvarlegustu slysin hafa orðið við árekstra ökutækja og hrossa. Tiltölulega fá slys hafa orðið vegna árekstra ökutækja og nautgripa enda eru þeir yfirleitt í vörslu allt árið. Ætla má að alvarlegustu slysin séu bundin við afmarkaða staði í þjóðvegakerfinu. Sama gildir um tíðni slysa, þ.e. líkur eru á að flest slysin verði á tiltölulega afmörkuðum stöðum í vegakerfinu.

Umferðaróhöpp sem verða við árekstra ökutækja og búfjár hafa í för með sér miklar bótakröfur en í flestum tilvikum leiða hlutlægar bótareglur umferðarlaga til þess að bifreiðaeigendur eru gerðir ábyrgir fyrir tjóni. Ábyrgðartryggingar ökutækja greiða bætur fyrir búfé en eigendur bifreiða missa svokallaðan bónusrétt hjá tryggingafélögum. Stundum fara ökumenn af vettvangi eftir að hafa ekið á búfé án þess að gera vart við sig. Í slíkum tilvikum bæta búfjártryggingar bænda búfé. Samkvæmt upplýsingum tryggingafélaga er mikið um þannig bótagreiðslur og hefur þeim farið fjölgandi á síðustu árum. Á seinni árum hafa búfjáreigendur verið dæmdir til að greiða tjón á bílum í sumum tilvikum, þar sem lausaganga búfjár er bönnuð.

### Girðingar.

Almenna reglan varðandi girðingar með vegum er sú, að Vegagerðinni er skylt að girða með vegi þegar hann er lagður um ræktað land og girt heimalönd. Markmið þeirra hefur fyrst og fremst verið að loka viðkomandi löndum **en ekki að friða vegi fyrir búfé**. Af þessu leiðir, að víða eru eyður í annars samfelldum girðingum með fjölförnum vegum sem enginn telur sig þurfa að loka, m.a. þar sem farið er um eyðijarðir eða jarðir þar sem enginn búrekstur er á. Búfé á því greiðan aðgang inn í girðingartraðirnar og skapar þar mikla hættu, jafnvel meiri en ef vegurinn væri ógirtur. Jafnvel þar sem girðingar eru samfelldar leysir það ekki vandann í öllum tilvikum. Þar má nefna að oft kemst búfé inn á vegsvæði þar sem girðing endar, hliðum er ekki lokað og síðast en ekki síst að girðingarnar eru ótraustar þar sem viðhaldi er mjög víða ábótavant enda á hendi margra aðila sem hafa mismikilla hagsmuna að gæta.

Samkvæmt gildandi lögum ber þremur aðilum að annast og kosta viðhald girðinga með vegum. **Landeiganda** ber að annast viðhald girðinga með landi sínu, en veghaldari kostar það viðhald að hálfu þegar um er að ræða girðingar með stofn- og tengivegum. **Vegagerðin** kostar viðhald girðinga, sem reistar eru með vegum eingöngu í því skyni að friða vegsvæði fyrir ágangi búfjár. **Sveitarfélögin** annast viðhald girðinga, sem reistar eru fjarri vegsvæði og gera girðingar með vegum óþarfar, en veghaldari kostar viðhald að hálfu á móti sveitarfélagi.

Til þess að tryggja markvissar aðgerðir leggur nefndin áherslu á að uppsetning og viðhald allra veggirðinga, þ.e. girðinga sem hafa það markmið að friða vegsvæði, verði á höndum eins aðila.

Nefndin telur að:

- a) Í fyrsta lagi skuli leggja áherslu á að girða af fjölförnustu og hættulegustu vegina með sérstökum veggirðingum. Þar sem þær eru ákveðnar, skuli þær vera sem allra mest samfelldar. Jafnhliða þarf að koma upp tilheyrandi umferðarmerkjum sem gefa ökumanni til kynna að hann sé á lokuðum vegi. Samhliða verði í gildi bann við lausagöngu búfjár á viðkomandi vegsvæðum til að girðingar þjóni tilgangi sínum.
- b) Í annan stað skal koma upp lokuðum beitarhólfum eða afgirtum löndum fjarri vegi í þeim tilgangi að friða ákveðin svæði fyrir ágangi búfjár. Þar skal ökumanni einnig gefið til kynna með umferðarmerkjum að vegurinn sé friðaður og jafnframt í gildi bann við lausagöngu búfjár.
- c) Í þriðja lagi verða alltaf stór landsvæði þar sem lausaganga búfjár er allsráðandi. Þegar ekið er af friðuðum vegum inn á þau svæði, þarf að setja upp tilheyrandi umferðarmerki sem gefa til kynna að búbúfé gangi þar laust og að gæta þurfa sérstakrar varúðar. Á þessum umferðarmerkjum, eða skiltum, ætti að tilgreina viðkomandi svæði í kílómetrum eða afmarka þau landfræðilega á sem skýrastan hátt þannig að ökumaður geri sér sem best grein fyrir breytingunni og hættu henni samfara. Einnig ætti að gera ráð fyrir vegrásam (undirgöngum) á ákveðnum stöðum til að auðvelda umferð búfjár.



### III. Tillögur nefndarinnar. Settar fram í áfangaskýrslu 1999 og ítrekaðar hér nær óbreyttar.

1. Nefndin leggur til að Vegagerðin og sveitarfélög geri sameiginlega úttekt á stöðunni m.t.t. hvar lausaganga búfjár er mest, á hvaða vegum og vegaköflum slys vegna ákeyrslna á búfé eru tíðust og hvar alvarlegustu slysin verða. Jafnframt meti þessir aðilar þörf og ástand þeirra girðinga sem gagnert er ætlað að halda búfé frá vegsvæðum fjölförnustu þjóðvega og þeirra vega, þar sem slysatíðni er mest. Verkið lúti forystu Vegagerðarinnar og leggur til að því verði lokið fyrir 1. september 2001. Skal þá liggja fyrir álit ofangreindra á því hvar nauðsynlegt er að grípa til aðgerða til að halda búfé frá vegsvæðum. Skulu þessir aðilar meta hvaða aðgerðir eru árangursríkastar og hagkvæmastar í þessu augnamiði með áherslu á eftirfarandi atriði: a) uppsetningu nýrra girðinga meðfram vegum í þeim tilgangi að halda búfé frá vegsvæðum, b) endurnýjun girðinga, sem ekki hefur verið haldið við með fullnægjandi hætti, í þeim tilgangi að þær verði vörsluhæfar, c) gerð lokaðra hólfna með girðingum og samhliða bann við lausagöngu búfjár á ákveðnum svæðum í nágrenni þjóðvega.

Ennfremur er lagt til að metinn verði áætlaður kostnaður við aðgerðir skv. framansögðu og gerð áætlun um framkvæmdir. Stefnt skal að því að ljúka framkvæmdum innan þriggja ára með sérstökum fjárveitingum frá Alþingi. Áhersla skal lögð á að ljúka framkvæmdum á þeim svæðum þar sem slysatíðni er mest.

Greinargerð.

Nefndin telur rétt að þetta verði framkvæmt og kostað af sveitarfélögum og Vegagerðinni þar sem þessir aðilar hafa mesta þekkingu á hvar slysatíðni er mest og til hvaða aðgerða er heppilegast að grípa með tilliti til aðstæðna á hverjum stað. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu úr ríkissjóði vegna þessa verkefnis.

Nefndin leggur áherslu á að undirbúningur verksins hefjist strax og að niðurstöður liggi fyrir á miðju sumri þannig að unnt verði að gera ráð fyrir kostnaði vegna framkvæmda við afgreiðslu fjárlaga á næsta ári.

Athugasemd: Fyrir liggja upplýsingar frá ríkislögreglustjóra, fengnar frá Umferðarráði, um akstur á búfé á árunum 1992 – 1999. (Fskj. 8)

Vinna þarf nánar úr þeim upplýsingum.

Ennfremur liggur fyrir kort frá Vegagerðinni, sem sýnir girðingar með hluta af þjóðvegi 1. (Fskj. 9), svo og kort sem sýnir þá vegi þar sem umferð er 300 bílar eða meiri á dag yfir sumarmánuðina. (Fskj. 10)

#### 2. Álit meirihluta nefndarinnar.

Nefndin leggur til að Vegagerðin kosti og sjái um að girða og annast viðhald veggirðinga sem reistar eru til að friða vegsvæði stofn- og tengivega fyrir ágangi búfjár, sbr. tillögu nr. 1. Uppsetning og viðhald veggirðinganna, þar með talinn kostnaður vegna nauðsynlegra vegrasta, hliða og undirganga, verði falið Vegagerðinni og stefnt verði að því að loka vegsvæðum þjóðvega eins og unnt er þar sem slysatíðni er mest, mestur umferðarþungi og umferðarhraði.

Uppsetning og viðhald girðinga fjarri vegi í þeim tilgangi að gera lokuð hólf og friða þannig svæði í nágrenni vega fyrir ágangi búfjár verði hins vegar á hendi sveitarfélaga, nema um annað sé samið svo sem að Vegagerðin taki þátt í kostnaði slíkra girðinga samkvæmt heimild í 2. mgr. 37. gr. vegalaga nr. 45/1994.

Við nýframkvæmdir vega verði metin þörf fyrir veggirðingar og teljist þörf á þeim skal kostnaður vegna þeirra talinn til stofnkostnaðar vegarins. Viðkomandi vegaf framkvæmdum telst ekki lokið fyrir en girðingar hafa verið frágengnar.

Veghaldari kosti uppsetningu og viðhald ristarhliða, hliða, undirganga og ræsa sem nauðsynleg eru vegna friðunar vegsvæða. Að öðru leyti ber landeigandi kostnað við slíkar framkvæmdir. Sé um hlið að ræða sem nauðsynleg eru vegna aðkomu almennings, s.s. að malarnámi, afrétti, spennistöð, sjó, vötnum o.þ.h., skal veghaldari bera kostnaðinn nema um annað sé samið.

Greinargerð:

Nefndin telur nauðsynlegt að uppsetning og viðhald girðinga, sem reistar eru meðfram þjóðvegum í þeim tilgangi að friða vegsvæði fyrir búfé, sé á einni hendi, þ.e. Vegagerðarinnar m.a. í ljósi slæmrar reynslu af því fyrirkomulagi sem nú gildir. Sömuleiðis leggur nefndin til að allur kostnaðurinn verði greiddur af hinu opinbera. Ekki þykir fært að leggja kostnaðinn á landeigendur m.a. vegna þess að eignaraðild á jörðum er oft dreifð og aðstaða jarðareigenda mismunandi. Má þar nefna að sumir eiga stór landsvæði við vegi og/eða svæði sem erfitt er að viðhalda girðingum á, s.s. á fjallvegum eða í nágrenni þeirra. Þá eru margar jarðir búfjárlausar og hafa eigendur þeirra ekki neina sérstaka hagsmuni af því að girða þær en við það myndast rof í annars samfelldum veggirðingum þar sem búfé af öðrum jörðum getur komist inn á vegsvæði.

Í þeim tilvikum sem veghaldari á að bera kostnað af gerð ristarhliða og annarra hliða á heimreiðum jarða er gert ráð fyrir að landeigendur geti átt ákvörðunarvald um gerð þeirra, t.d. ef á heimreið jarðar eru sérstakir hliðstólpar o.s.frv., en þá bera þeir viðbótarkostnað sem af því kann að hljótaskast.

### **3. Alþingi samþykki sérstaka fjárveitingu á næstu þremur árum til að ljúka uppsetningu nýrra veggirðinga og nauðsynlegri endurnýjun á eldri veggirðingum.**

Greinargerð:

Nefndin telur ljóst að til þess að framangreint sé mögulegt verði að stórauka fjárveitingar til girðinga með vegum. Gert er ráð fyrir að forsenda þess að framangreint nái fram að ganga sé að sérstakar fjárveitingar komi til verksins á fjárlögum. Að öðrum kosti yrði að fjármagna verkið af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar. Yrði þá að taka tillit til forgangsroðunar í umferðaröryggismálum almennt og verkefni einskorðast við að loka hættulegustu vegaköflunum fyrir búfé.

4. Þar sem svo háttar til að girt er fjarri vegi, m.a. til að friða stór landsvæði en girðingin þjónar jafnframt hlutverki veggirðingar, er heimilt að skipta kostnaði og viðhaldi milli fleiri aðila, enda sé gerður um það ákveðinn samningur.

Greinargerð:

Í 37. gr. vegalaga nr. 45/1994 og reglugerð. nr. 325/1995 er að finna heimild fyrir slíkri skiptingu kostnaðar. Í þeim tilvikum sem hér um ræðir gætu afréttargirðingar sums staðar komið í stað veggirðinga og verður sveitarfélögum falið að kanna það hvert á sínu svæði, sbr. hér síðar.

**5. Sveitarfélögum verði gert skylt með lögum að setja sér samþykktir um búfjárhald. Skal í því sambandi litið til búskaparháttanna og aðstæðna á hverjum stað, sjónarmiða um landgræðslu og landvernd og fleiri atriða auk umferðaröryggissjónarmiða.**

Greinargerð:

Fram til ársins 1989 voru ekki almenn ákvæði í íslenskri löggjöf um bann við lausagöngu búfjár. Í lögum nr. 44/1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum voru að vísu ákvæði sem heimiluðu sveitarstjórnnum í kaupstað eða kauptúni að banna með reglugerð tiltekið búfjárhald eða takmarka það. Í 38. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973 var heimild fyrir sveitarstjórnir til að takmarka lausagöngu hrossa og einnig sauðfjár, geita og nautgripa. Það var síðan á fyrrihluta árs 1991 að lög nr. 46/1991 um búfjárhald tóku við þar sem sveitarstjórnnum voru gefnar afdráttarlausar heimildir til að takmarka búfjárhald eða fyrirskipa bann við lausagöngu búfjár á viðkomandi svæði. Fjölmörg sveitarfélög hafa nýtt sér þessa heimild eftir setningu laganna. Nefndin telur að samþykktir sveitarfélaga um búfjárhald kalli á umræður um málið og ábyrgari afstöðu til þessara mála en nú er.

**6. Sveitarstjórnir verði hvattar til að koma á banni við lausagöngu stórgripa og sauðfjár þar sem aðstæður leyfa. Til greina kemur að lögleiða slíkt bann á ákveðnum svæðum.**

Greinargerð:

Í álitni nefndar um búfé á vegsvæðum, sem skilaði álit sínu 6. desember 1989, gerði meirihluti nefndarinnar þá tillögu, að í lög yrði leitt bann við lausagöngu stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, á öllu landinu. Nefndin tekur undir þá niðurstöðu en telur þó slíkt bann ekki raunhæft miðað við núverandi aðstæður. Hins vegar leggur nefndin á það áherslu að kannað verði hvort ekki sé unnt að koma slíku banni á sem víðast á landinu og er því beint til sveitarstjórna og Bændasamtaka Íslands að hafa forgöngu um það.

**7. Vegagerðin og lögreglan hafi með höndum eftirlit með búfé á vegsvæðum þar sem girt er með veggirðingum og lausaganga bönnuð. Sveitarfélög annist handsömun og ráðstöfun lausagöngufénaðar.**

Greinargerð:

Þar sem Vegagerðin fylgist reglulega með ástandi vega er eðlilegt að hún beri einnig ábyrgð á eftirliti með svæðum á þeim vegum þar sem lausaganga er bönnuð. Sömuleiðis hefur lögreglan með höndum almennt eftirlit með vegum. Sveitarfélögunum er einnig falið eftirlit með því að búfé sé ekki á vegsvæðunum og þeim er auk þess falið að annast handsömun og ráðstöfun lausagöngufénaðar sem hefur komist inn á vegsvæðin. Nefndin bendir á þann möguleika að sveitarstjórnnum verði heimilað með breytingu á lögum nr. búfjárhald nr. 46/1991 að fela

búfjárefnirlitsmönnum það hlutverk að fjarlægja búfé sem þangað kann að leita. Nú þegar eru fordæmi fyrir slíkri skipan.

Nefndin ræddi ýmsa möguleika á virku eftirliti, m.a. að virkja hinn almenna vegfaranda. Í ljósi þess að farsímanotkun hefur aukist mjög á síðustu árum má ætla auðvelt verði að hvetja vegfarandur til að hringja í lögreglu eða ákveðið númer og gera viðvart ef þeir verða varir við búfé á vegsvæðum. Viðkomandi sveitarfélög yrðu í framhaldi af því látin vita og þeim ætlað að grípa til viðeigandi ráðstafana til að fjarlægja það og koma því í hendur réttra eigenda. Fyrir það geta sveitarfélög áskilið sér gjald en slík gjaldtaka hefur stoð í 6. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald og 33. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum.

Ýmis álitamál geta risið í tengslum við eftirlit með veggirðingum, t.d. varðandi það hver beri ábyrgð á tjóni sem kann að verða ef veggirðing fellur í snjó og slys verður áður en gert er við hana. Líklegt má telja að bótaábyrgð stofnist ekki á hendur sveitarfélögum eða Vegagerðinni nema í tilvikum þar sem um stórfellt eða vítavert galeyfi er að ræða, sbr. 56. gr. vegalaga nr. 45/1994.

**8. Búfjáreigendur sem þarf að hafa afskipti af vegna brota á reglum um lausagöngu búfjár skulu aðvaraðir og látnir bera kostnað vegna handsömunar búfjár.**

Greinargerð.

Eðlilegt er að búfjáreigendur sem þarf að hafa afskipti af vegna þess að búfé þeirra er á vegsvæðunum séu aðvaraðir. Ekki síst á það við ef aftur og aftur er um sömu aðila að ræða. M.a. vegna þessa er æskilegt að haldin sé skrá yfir það búfé sem handsamað er.

**9. Dómsmálaráðuneytinu verði falið að lögleiða sérstakt umferðarmerki sem gefur til kynna að hætta geti stafað af lausagöngu búfjár. Merkin verði sett upp við vegi á þeim svæðum þar sem búfé gengur laust. Nánari útfærsla og notkun merkisins verði í höndum ráðuneytisins og vegagerðarinnar. Merki þessi verða ekki notuð á girtum og friðuðum svæðum.**

Athugasemd:

Í samræmi við tillögu nefndarinnar hefur nýtt umferðarmerki verið tekið í notkun skv. reglugerð 427/2000 sem gefur til kynna að búast megi við búfé á og við vegi. Rétt væri að gera tilraun með ítarlegra merki á stærra skilti þar sem með korti eða stuttum skýringum væri gerð grein fyrir því landsvæði þar sem lausaganga búfjár á sér stað.

**10. Leitað verði eftir því við tryggingafélögin, að þau standi að og kosti árlega fjölbreytta fræðslu- og kynningarstarfsemi í fjölmiðlum um varúð í umferðinni gagnvart búfé. Þar með talin væri kynning til útlendinga á sérstöðu Íslands í þessum efnum.**

Greinargerð:

Nefndin bendir á hliðstæð verkefni sem tryggingafélögin hafa staðið fyrir ein og sér eða í samvinnu við aðra þar sem m.a. er kynnt bílbeltanotkun, barátta gegn ölvunarakstri ofl. Telja má fullvíst að slík kynningarstarfsemi myndi skila sér til tryggingafélaganna í lækkun útgjalda vegna búfjárslýsatjóna.

Athugasemd:

Upplýst skal, að frá því að tillaga nefndarinnar kom fram 1999, hefur Umferðarráð hefur dreift 4 mínútna löngu myndbandi (á jafn mörgum tungumálum og bæklingarnir) um akstur á íslenskum þjóðvegum til bílaleiga og einnig hefur það verið sýnt í ferjunni milli Seyðisfjarðar og Evrópu (Norrænu). Á kynningarrásum hótellanna hefur verið sýnt myndband um akstur hér á landi sem var endurskoðað veturinn 1999 til 2000.

**11. Bændasamtökum Íslands, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Umferðarráði og Ökukennarafélagi Íslands verði falið að semja og gefa út fræðsluefni um búfé á vegsvæðum og kynna það öikumönnum. Félagi íslenskra bifreiðaeigenda er falið að hafa frumkvæði að því að hrinda þessu verkefni í framkvæmd.**

Greinargerð:

Nefndin leggur til að gripið verði til ýmissa annarra ráðstafana til að draga úr slysatíðni vegna lausagöngu búfjár, s.s. með útgáfu efnis til öryggisfræðslu á íslensku og erlendum málum fyrir ferðamenn, bifreiðaeigendur, ökukennara, ökunemendur og bændur. Fræðslu- og kynningarefni væri dreift til öikumanna t.d. með samræmdu átaki einu sinni á ári. Þá væri lögð áhersla á að kynna erlendum öikumönnum stöðu þessara mála hér á landi.

Athugasemd:

Umferðarráð hefur í fjölda ára dreift bæklingum sem m.a. fjalla um hættuna af búfé á vegsvæðum á Íslandi til bílaleiga og ferðaskrifstofa. Bæklingurinn *Listin að aka ...* hefur verið í dreifingu í nokkur ár og síðla árs 1998 kom út nýr bæklingur um íslensku umferðarmerkin og á bakhlið merkjabæklingins var áberandi aðvörðun til öikumanna um hættuna af húsdýrum á vegum. **FÍB hefur dreift þessum bæklingum til bifreiðaeigendafélaga í Evrópu á hverju vori frá 1999. Þessir bæklingar eru á eftirtöldum tungumálum: Íslensku, ensku, þýsku, frönsku, spænsku og norsku.** Í sumar voru auglýsingar frá Umferðarráði um helstu hættur sem fylgja akstri á vegum landsins í tímaritum sem dreift er í flugvélum Flugleiða og Atlanta og einnig í öðrum ritum sem ætluð eru erlendum ferðamönnum.

**12. Bændasamtökum Íslands er falið að leita samráðs við Vegagerðin um endurskoðun á notkun rykbindiefna á þjóðvegi og taka ákvörðun um hvernig haga beri sáningu í vegkanta þar sem veggirðingar eru ekki til staðar.**

Greinargerð:

Endurskoða þarf hvernig haga ber framkvæmdum við sáningu og áburðardreifingu í vegkanta og notkun rykbindiefna á svæðum sem ekki verða girt, en alkunna er að búfé sækir mikið í nýgræðing í vegköntum, einkum fyrstu 2-3 árin eftir sáningu. Kanna þarf hvort ekki finnist plöntur til sáningar í vegkanta sem búfé sækir minna í en þær sem almennt eru notaðar í dag. Þá hefur verið bent á að saltburður á vegi orsakar að búfé leitar þangað. Nefndin telur æskilegt að nota önnur efni til rykbindingar sem búfé sækir síður í.

**13. Bændasamtök Íslands, búnaðarsambönd og héraðsráðunautar hefji skipulega fræðslu- og kynningarstarfsemi meðal bænda þar sem þeim er gerð grein fyrir lagalegri og siðferðilegri skyldu búfjäreigenda til að halda búfé frá þjóðvegum landsins. Vakin skal athygli þeirra á ýmsum þeim atriðum sem að**

**gagni geta komið og þeir auðveldlega gætu bætt s.s. hvar þeir sleppa fé, um að farga því fé sem heldur sig á vegsvæðum, halda girðingum og hliðum gripheldum, nota endurskinsmerki á stórgripi, forðast að nota vegi sem rennslis- og rekstrarleið fyrir búfé o.s.frv.**

Greinargerð:

Nefndin hefur rætt ýmsa aðra möguleika til að draga úr lausagöngu búfjár á vegum og þar með slysatíðni á ógirtum svæðum, s.s. að sett verði lög eða stjórnvaldsreglur um búfjárhald, lausagöngu búfjár og skyldu til að merkja búfé með endurskinsmerkjum. Einnig að dómsmálaráðuneytið í samráði við landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið setji reglur um rekstur hrossa og annars búfjár á vegsvæðum, jafnvel þannig að slíkt verði bannað undir vissum kringumstæðum á fjölförnum stöðum eða stórum svæðum. Sú hugmynd hefur einnig verið rædd hjá nefndinni að gerðir verði reiðvegir meðfram akvegum sem gætu jafnvel nýst gangandi vegfarendum.

Nefndin hefur ennfremur íhugað hvernig fækka megi svonefndum “vegarollum” sem halda sig meira og minna við vegina allt sumarið. Oft er um sömu kindurnar að ræða og þar sem kindur eru hagvanar sækja lömb undan þessum ám á sömu slóðir séu þau sett á. Nefndin beinir þeim eindregnu tilmælum til bænda að þeir fargi þessum ám og velji ekki lömb undan þeim til lífs. Sömuleiðis er því beint til bænda sem keyra fé á afrétt að sleppa því eins fjarri vegum og unnt er til að féð venjist högum fjarri þeim.

Athugasemd:

Áfangaskýrsla nefndarinnar var rædd á Búnaðarþingi og var nefndinni sent álit þingsins þar að lútandi er varða tillögur 11, 12 og 13 (Fskj. 11)

**14. Búfjáreigendur verði hvattir til að kaupa ábyrgðartryggingar sem bæta tjón á vegsvæðum þar sem lausaganga er bönnuð en búfé hefur á einhvern hátt komist inn á vegsvæðið. Til greina kemur að um skyldutryggingu verði að ræða.**

Greinargerð:

Hlutlægar bótareglur umferðarlaga, sbr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, leiða til þess að yfirleitt eru ökumenn dæmdir ábyrgir vegna tjóna sem hljótast af árekstrum ökutækja og búfjár. Bændur geta hins vegar einnig orðið ábyrgir að einhverju eða öllu leyti, bæði á girtum og ógirtum svæðum, t.d. ef hlið opnast, fólk gleymir að loka hliðum eða girðingar bila, svo og ef búfé er á ferð á svæðum þar sem lausaganga búfjár er bönnuð. Nefndin hvetur því bændur til að kaupa sér ábyrgðartryggingar fyrir óhöppum af því tagi.

**15. Lögleitt verði bann gegn rekstri búfjár á þjóðvegum í rökkri og dimmu. Lögreglu verði þó heimilt að veita undanþágu við sérstök tækifæri, t.d. vegna gangna og rétta, enda verði gerðar sérstakar ráðstafanir til að tryggja umferðaröryggi á viðkomandi vegsvæðum, svo sem með tilkynningum, umferðarmerkjum og notkun endurskinsmerkja á búfé og rekstrarmenn.**

Greinargerð:

Flest umferðaróhöpp þar sem ekið er á búfé í rekstri eiga sér stað við slæm birtuskilyrði. Óverjandi er að ökumenn megi búast við rekstri búfjár við slíkar aðstæður án skýrra viðvarana eða merkinga. Nefndin gerir sér ljóst að í vissum

tilvikum getur reynst nauðsynlegt að vera með búfé í rekstri þótt birtuskilyrði séu slæm. Dómsmálaráðuneytinu verði falið að vinna frekari tillögur hvað þetta varðar.

**16. Nefndin leggur til að við hönnun og lagningu nýrra vega verði gerðar tilraunir með að hafa á þeim undirgöng eða "opnar rásir" við helstu rennislíðir búfjár. Möguleikar á slíku verði einnig kannaðir á öðrum vegum.**

Greinargerð:

Tilraunir í þessa veru hafa verið gerðar og sýna að búfé leitar í þessi göng í stað þess að ganga yfir veginn. Við lagningu nýrra vega er tiltölulega ódýrt að koma fyrir göngum sem búfé getur runnið um.

## IV. Sérálit.

### Sérálit Runólfs Ólafssonar.

Eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, er skylt að hafa gripi sína í vörslu allt árið og sjá til þess að þeir gangi ekki lausir á eða við þjóðvegi. Ákvæði þetta skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem tryggt þykir að af því hljótist engin hættu fyrir umferð, svo sem í heimalöndum eða afréttum sem liggja hvergi að alfaraleiðum.

Greinargerð:

Hér er lögð til breyting á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl. í samræmi við frumvarp til laga sem síðast var lagt fram á 123. löggjafarþingi sbr. þskj. 369. Þarna er tekið undir álit nefndar um búfé á vegsvæðum frá 6. desember 1989.

Ljóst er að tíðni alvarlegra slysa og umferðaróhappa, sem rekja má til lausagöngu stórgripa á og við þjóðvegi víða um land er með öllu óviðunandi og tímabært að taka af skarið með vörsluskyldu stórgripa. Dæmin sýna að ekki er hægt að treysta því að alls staðar sé gripið til viðeigandi aðgerða af hálfu sveitarstjórna þrátt fyrir hættuástand af völdum lausagöngu stórgripa.

### Sérálit Stefáns Erlendssonar.

Af hálfu samgönguráðuneytis voru gerðar nokkrar athugasemdir við umfjöllun um ráðstafanir til úrbóta í kafla III og tillögur í kafla IV, í áfangaskýrslu nefndar um búfé á vegsvæðum. Athugasemdirnar eru í meginatriðum ítrekaðar en þó er höfð hliðsjón af breytingum á vegalögum nr. 45/1994 sem samþykktar voru á síðasta ári, sbr. lög nr. 54/2000. Ennfremur er sérálitíð stytta og aðeins tvö meginatriði tekin upp í lokaskýrslu nefndarinnar. Er af hálfu samgönguráðuneytisins skilað sérálitum varðandi tillögur nefndarinnar nr. 2. og 6.

### Sérálit við tillögu 2.

Tekið er undir það álit meirihluta nefndarinnar að veghaldara verði falið að annast uppsetningu og viðhald þeirra girðinga, sem reistar verða skv. tillögu 1. Hins vegar er lagt til, að skipting viðhaldskostnaðar girðinga meðfram stofn- og tengivegum verði óbreytt frá núgildandi lögum. Það felur í sér að viðhaldskostnaður girðinga meðfram stofn- og tengivegum verði áfram borinn af landeiganda og veghaldara að jöfnu. Ef stefna á að því að auka og bæta girðingar meðfram vegum verður að telja óheppilegt að fella alfarið niður skyldur landeiganda gagnvart viðhaldi girðinga með vegum frá því sem verið hefur.


Vakin er athygli á því að Vegagerðinni hefur nú með lögum verið gert kleyft að taka yfir viðhald og viðhaldskostnað girðinga meðfram vegum þar sem umferð er mikil og slysaþætta af ákeyrslum á búfé fyrir hendi. Heimildin er háð því skilyrði, að lausaganga búfjár sé bönnuð. Telja verður að með því hafi Vegagerðinni verið tryggðar þær heimildir sem nauðsynlegar eru til að taka á vandanum með markvissum hætti, og ekki tilefni til að auka skyldur hennar vegna viðhalds girðinga umfram það.




**Sérálit við tillögu nr. 6.**

Lagt er til að eigendum stórgripa verði með lögum gert skylt að hafa gripi sína í vörslum allt árið nema þegar tryggt er að af lausagöngu hljótist ekki hætta fyrir umferð, s.s. á afréttum fjarri alfaraleið.

Ekki þarf að fjölyrða um þá miklu hættu sem stafar af því að stórgripir, s.s. hross, gangi lausir í nágrenni við fjölfarna vegi og nýleg dæmi eru um alvarleg slys af þessum sökum. Ekki hefur reynst nægjanlegt að sveitarfélög hafi ákvörðunarvald um að banna lausagöngu stórgripa. Ekki hefur verið tekið á málum þrátt fyrir verulega slyshættu og þrátt fyrir að ítrekað verði slys af þessum sökum. Er því lagt til að banni við lausagöngu stórgripa verði komið á um land allt. Þó verði heimilt að reka hross á afrétt þar sem tryggt þykir að ekki hljótist hætta af fyrir umferð. Þar sem stefnt er að úrbótum á girðingum meðfram vegum verður að telja að víðast verði ekki vandkvæðum bundið að koma slíku banni á en gera yrði ráð fyrir hæfilegum aðlögunartíma.



## V. Fylgiskjöl



Hr. landbúnaðarráðherra  
Guðmundur Bjarnason  
Landbúnaðarráðuneytinu  
Sölvhólgötu 7  
150 REYKJAVÍK

Br. lvk.: 210-1	Áb.m.:
Afrit:	
Innk.: FEB 1999	
Dags. afgr.: 98080011	
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	

Fylgiskjal 1

Reykjavík 27.1.1999

Nefnd sem þér skipuðuð 6. júlí sl. og hafði það hlutverk að fjalla um leiðir til að halda búfé frá helstu þjóðvegum landsins, þ.m.t. að skilgreina helstu áhættusvæði og gera tillögur um úrbætur, skilar hér með áfangaskýrslu sinni.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir störfum nefndarinnar til þessa, greint frá stöðu þessara mála og helstu ráðstöfunum sem nefndin telur vera til úrbóta.

Í lok skýrslunnar eru 16 tillögur sem nefndin leggur til að komi til framkvæmda. Eins og fram kemur skila tveir nefndarmenn séráliti, þeir Stefán Erlendsson og Runólfur Ólafsson, sem lúta einkum að tveimur tillögum, annars vegar tillögu 2 um kostnað við viðhald girðinga og hins vegar tillögu 6 um lausagöngu stórgripa. Um þau atriði náði nefndin ekki saman að svo stöddu en var, þrátt fyrir það, sammála um að skila álitum þannig að vinna mætti að framgangi annarra tillagna sem er forsenda frekara starfs nefndarinnar. Um önnur atriði sem koma fram í séráliti Stefáns hefur ekki reynt á hvort nefndin nái samkomulagi um enda fremur um áhersluatriði en ákveðnar tillögur að ræða.

**Nefndin er sammála um að leggja til við yður, að skýrsla þessi verði kynnt sem fyrst ríkisstjórn og þeim aðilum sem nefndin tilgreinir í tillögum sínum og óskað viðbragða þeirra.**

Þá leggur hún einnig til að þegar verði hafist handa við framkvæmd 1. tillögunnar um að Vegagerðin og sveitarfélögin geri sameiginlega úttekt á stöðunni m.t.t. hvar lausaganga búfjár er mest, á hvaða vegum og vegaköflum slys vegna ákeyrslna á búfé eru tíðust og hvar alvarlegustu slysin verða. Jafnframt meti þessir aðilar þörf og ástand þeirra girðinga sem gagnert er ætlað að halda búfé frá vegsvæðum fjölförnustu þjóðvega.

Nefndin hefur rætt þessa framkvæmd á fundi með aðstoðarvegamálastjóra sem tók málinu jákvætt og fulltrúi sveitarfélaganna í nefndinni telur einsýnt að sveitarfélögin muni leggja sitt af mörkum til að úttektin geti farið fram. Tekið skal fram að eitt sveitarfélag, Hornafjörður, hefur óskað sérstaklega eftir því að fá þetta sem eins konar tilraunaverkefni. Hefur nefndin svarað erindi þess á þann veg að ef fallist verður á tillögur nefndarinnar muni hún leita eftir sérstakri samvinnu við sveitarfélagið um frekari útfærslu og framkvæmd á verkefninu þannig að það geti orðið fyrirmynd annarsstaðar á landinu.

Þegar ofangreind úttekt hefur farið fram mun nefndin hefja störf að nýju og skila endanlegum tillögum svo fljótt sem unnt er.

Nefndin mun ekki funda formlega frekar um tillögurnar fyrr en viðbrögð hafa fengist en tekur fram að hún mun að sjálfsögðu vera til taks og aðstoðar við útfærslu einstakra tillagna ef þess verður óskað.

Virðingarfyllst.

F.h. nefndarinnar

  
Niels Árni Lund



## LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgata 7, 150 Reykjavík  
Sími: 560 9750, bréfasími: 552 1160

Vegagerðin  
Helgi Hallgrímsson, vegamálastjóri  
Borgartún 5-7  
105 REYKJAVÍK

27. október 2000  
Tilvísun: 98080011/210.1  
NÁL/--

Á vegum landbúnaðarráðuneytisins er starfandi samráðsnefnd um búfé á vegsvæðum. Fulltrúi Vegagerðarinnar er Stefán Erlendsson, lögfræðingur. Nefndin skilaði áfangaskýrslu í janúar 1999 og var þar m.a. gert ráð fyrir að fram færi úttekt á stöðu veggirðinga og metinn kostnaður við endurnýjun þeirra og uppsetningu nýrra. Lagði nefndin þar traust sitt á Vegagerðina og sveitarfélögin og átti undirritaður, formaður nefndarinnar, allmarga fundi með starfsmönnum Vegagerðarinnar þar sem rætt var um mögulega framkvæmd á ofangreindri úttekt. Á grundvelli úttektarinnar ætlaði nefndin síðan að vinna frekari tillögur um veggirðingar.

Í framhaldi af skýrslunni var haldinn sameiginlegur fundur þeirra þriggja ráðherra sem málið helst varðar, landbúnaðarráðherra, samgönguráðherra og dómsmálaráðherra. Á þeim fundi var lýst yfir vilja til að vinna sameiginlega að farsælum niðurstöðum í þessu viðkæmda máli. Skömmu fyrir síðustu áramót lagði samgönguráðherra fram frumvarp um breytingu á vegalögum, sem m.a. tók til veggirðinga. Lagabreyting í kjölfar frumvarpsins breytir stöðu veggirðinganna og hlutverki Vegagerðarinnar. Ekkert samráð var haft við nefnina um þessar lagabreytingar, en vissulega miða þær í þá átt sem nefndin hafði gert tillögu um. Viða má sjá merki um stefnubreytingu hvað varðar uppsetningu veggirðinga og umferðarmerkja. Er hún í anda þess sem nefndin hafði gert tillögur um og ástæða til að þakka þær framkvæmdir.

Þar sem nefnin hyggst ljúka störfum innan tíðar leitar hún hér með til Vegagerðarinnar með ósk um upplýsingar sem ef til vill liggja fyrir.

1. Hefur Vegagerðin upplýsingar um á hvaða vegum eða vegaköflum slyss vegna búfjár eru tíðust og hvar alvarlegustu slysin verða?
2. Hefur Vegagerðin metið ástand þeirra girðinga sem gagnert er ætlað að halda búfé frá vegsvæðum fjölförnustu þjóðvega?
3. Liggja fyrir upplýsingar um hvaða stofn- eða tengivegir eru girtir veggirðingum beggja vegna þannig að um þá gildi ákvæði 56. gr. Vegalaga.
4. Á hverju byggist ákvörðun um uppsetningu nýrra umferðarmerkja sem vekja athygli á búfé á vegsvæðum, þ.e. hvar þau eigi að vera og hver veitir heimildina.
5. Er að vænta verulegra breytinga af hálfu Vegagerðarinnar, frá því sem verið hefur, hvað varðar uppsetningu og viðhald veggirðinga m.t.t. heimildar í 39. gr. Vegalaga.

Eins og fyrr segir mun nefnin ljúka störfum og skila lokaskýrslu innan tíðar og mun hittast á fundi mánudaginn 13. nóvember. Henni væri verulegur akkur í að fá greinargóðar upplýsingar um ofangreind atriði og e.t.v. fleiri sem Vegagerðin vildi koma á framfæri og þá helst fyrir téðan fund.

Virðingarfyllst.

F.h. nefndarinnar

Niels Árni Lund.

Br.lyk.: 750	Áb.m.: 11/11
Aðrir:	F.skjöl:
Innk.: 20 NÓV. 2000	
LAN 0011028	



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Landbúnaðarráðuneytið  
Sölvhólgata 7  
150 Reykjavík

Tilvísun okkar	Tilvísun ykkar	Dagsetning
ER/bh 110020/12.9	98080011 210.1	16.11.2000

1. Vegagerðin hefur um árábil unnið að skráningu slysa á þjóðvegum. Unnið hefur verið að því undanfarið að flokka slysa á þjóðvegum eftir tegundum og staðsetja þau á korti. Flokkun þessi nær aftur til ársins 1991 og fram til 1995 en alveg til ársins 1999 á nokkrum vegum. Ekið á skepnu er ein tegundin. Á kortunum kemur fram hvar slysin eru og einnig hvort um meiðsl hefur verið að ræða. Sjá má að slysin eru tíðari á einum stað en öðrum og yfirleitt fleiri þar sem umferð er mikil. Á 6 ára tímabili, 1992-1997, voru skráð í gagnabanka Vg. um 450 slysa vegna búfjár á þjóðvegum, þar af voru 28 þeirra með meiðslum og af þeim 3 með miklum meiðslum og eitt banaslysi.
2. Upplýsingar um ástand girðinga með fram vegum hafa að öllu jöfnu ekki verið skráðar með kerfisbundnum hætti en mat á ástandi þeirra fer m.a. fram skv. 3. gr. rg. nr. 325/1995 um girðingar með vegum. Þar sem verið er að mynda búfjárlaus hólfr með fram vegum og á vegsvæðum fer fram kerfisbundin skoðun á ástandi girðinga.
3. Talsverðar upplýsingar liggja fyrir um hvar girðingar eru með fram vegum. Gerður hefur verið uppdráttur með upplýsingum um hvort girt sé báðum megin eða öðru megin Hringveggar frá Höfn í Hornafirði að Þorlákshafnarvegi, frá Hvalfjarðarbotni að sýslu- og umdæmismörkum á Öxnadalshéiði og um Jökuldal og Hróarstungu. Sjá nánar meðfylgjandi uppdrátt.
4. Í reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289/1995 með síðari breytingum, er að finna tvö viðvörunarmerki sem vekja athygli á búfé á vegsvæðum. Annað varðar nautgripi, og kom inn í reglugerðina með breytingu nr. 348/1998. Merkið má nota þar sem rekstrarleið nautgripa þverar veg þar sem vegsýn er takmörkuð og umferð um veg að jafnaði hröð. Hitt er merki sem varar við því að sauðfé gangi laust á vegsvæði, sbr. reglugerð nr. 427/2000, og er það því alveg nýtt og ekki komin mikil reynsla af notkun þess. Í reglugerðinni segir að merkið megi nota þar sem umferð er mikil og að jafnaði hröð. Ákvörðun um uppsetningu þessara merkja byggist á nefndum reglugerðartexta og er tekin af umdæmisstjórum Vegagerðarinnar, að jafnaði að frumkvæði rekstrarstjóra hennar á viðkomandi þjónustusvæði.
